

Alþingi  
Umhverfis og samgöngunefnd  
sent rafrænt á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 9. febrúar 2021

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.*

Vísað er hér í upphafi til ályktana um orkumál á 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga frá í október á síðasta ári sem eiga beint við efni þingsályktun um vernd og orkunýtingu landssvæða, auk þess að vísa til Kerfisáætlunar 2020-2029.

*Ályktun um orkumál á Vestfjörðum:*

*Orkumál atvinnulífs*

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í fjarfundi dagana 9.-10. október 2020 vísar í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 þar sem farið er ítarlega yfir annmarka og kosti Kerfisáætlunar fyrir Vestfirði.

Afhendingargeta raforku á Vestfjörðum ásamt annmörkum á afhendingaröryggi á svæðinu eru takmarkandi þáttur vaxtar atvinnulífs á svæðinu. Nefna má í þessu samhengi til dæmis stækkun seiðaldisstöðvar Háafells á Nauteyri, uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Súðavík, því sem næst alla atvinnuuppbyggingu í Árneshreppi svo nokkur dæmi séu nefnd. Síðan er hafin þróun í orkuskiptum atvinnulífs og mun sú þróun að líkum verða hröð á komandi árum.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er gerð greining á þróun launatekna almennings og hlutfallslegri afhendingargetu raforku á árabílinu 1992-2016 til þéttbýlisstaða á Íslandi. Niðurstöður greiningarinnar gefa skýrt til kynna að hin lága afhendingargeta raforku á Vestfjörðum hefur leitt til lægri launatekna á undanförunum áratugum og er því einn lykilorð þáttur fyrir neikvæðri þróun atvinnulífs og samfélaga. Ekki verður við það búið að þessi staða haldi áfram og verður að tryggja svæðinu sömu forsendur til vaxtar og annarra landshluta.

Þessu til viðbótar er eðlileg krafa að samfélög á Vestfjörðum geti keppt um orkufrek atvinnutækifæri við aðra landshluta ef það fellur að atvinnustefnu svæðisins. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa gera eindregna kröfu um þetta mál verði fjallað í Kerfisáætlun 2020-2029.

Miðað við tímasetningar verkefna á Vestfjörðum sem kynntar eru í framkvæmdaáætlun 2020-2024 og langtímaáætlun Kerfisáætlunar 2020-2029, þá er tæpt á að þær nái að fylgja þróun þeirrar sviðsmyndar sem Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofa telja líklegasta til að lýsa framtíðarþróun í atvinnu- og mannlífi Vestfjarða, Vestfirðir í sókn.

Alþingi hefur með þingsályktunartillögu um flutningsmál raforku (26/148) sett Vestfirði í forgang. 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur til þess að Kerfisáætlun Landsnets 2020-

2029 fjalli betur um hvernig forgangur í málum Vestfjarða kemur fram. Að óbreyttu yrði staða Vestfjarða áfram líkt og um áratuga skeið um að framþróun í afhendingaröryggi verður stigi á eftir öðrum landshlutum og eða framkvæmdir eru eftir á í tíma. Við það verður ekki unað.

### *Orkumál samfélaga*

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í fjarfundi, dagana 9. og 10. október 2020 vekur athygli á skýrslu samstarfshóps iðnaðarráðherra um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Skýrslan kom út í febrúar 2020 og er framhald af vinnu samstarfshópsins sem starfað hefur frá árinu 2011.

Samhljómur er í efni skýrslunnar við áform orkufyrirtækja og flutningsfyrirtækja raforku um bætt flutningsgetu og afhendingaröryggi raforkukerfisins á Vestfjörðum. Atvinnulíf á Vestfjörðum er hér leiðandi aðili í krafti eftirspurnar og gæðakrafna um afhendingu raforku og slík þróun kemur samfélögunum á Vestfjörðum samhliða til góða.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga vill hinsvegar ítreka að meginhluti íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum er hitaður með raforku. Samkvæmt samantekt Bygðastofnun er húshitunarkostnaður allt að 100% hærri í þéttbýli á Vestfjörðum í samanburði við þéttbýli sem hefur aðgengi að hitaveitu. Mismunur í hitun íbúðarhúsnæðis í dreifbýli er enn hærri eða hátt í 200%. Hækkun framlaga til niðurgreiðslu kostnaðar við húshitun ná því ekki náð að jafna samkeppnisstöðu samfélaga á Vestfjörðum við aðra landshluta.

Til framtíðar litið, mun kostnaður íbúa á Vestfjörðum líklega aukast verulega og þar með krafa um auknar niðurgreiðslur. En spár eru um hækkandi verð raforku og dreifingu hennar, sem og minna aðgengi að svonefndri „ótryggri orku“ til að kyndingar fjarvarmaveitna. Stjórnvöld verða að horfa til langtímalausna og bendir 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga á tillögur samstarfshóps iðnaðarráðherra í þessum efnum;

- Efnahagsleg og félagsleg greining á þýðingu jarðhita fyrir minni byggðarlög.
- Kanna þarf leiðir til þess að greiða niður eignastofn vegna dreifingar raforku í dreifbýli.
- Skoða betur möguleika á uppsetningu lághitavirkjana á svæðum sem eru með yfir 100°C hita.
- Frekari kortlagning á jarðhitakostum á Vestfjörðum.
- Samræma vegagerð og strenglagnir vegna raforkuflutnings og dreifingar.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga gerir því kröfu á iðnaðarráðherra að leysa orkumál samfélaga á Vestfjörðum. Verði auknum fjarveitingum veitt til að hrinda tillögum samstarfshóp ráðherrans í framkvæmd m.a. með auknum framlögum til Orkusjóðs og Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024.

## Umsögn.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur Alþingi að afgreiða þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landshluta.

Í framsögu og í andsvörum umhverfis- og auðlindaráðherra, við framlagningu málsins á Alþingi, kemur fram að ráðherra setji fram óbreytta tillögu þáverandi umhverfis og auðlindaráðherra, frá árinu 2016 og feli þinginu að ræða sig fram að niðurstöðu.

Meginþungi í umræðu um efni þingsályktunarinnar hafa verið um virkjunarkosti innan og í jaðri miðhálandis Íslands og orkumarkað á Íslandi í heild, en minna fer fyrir umræðu um virkjanir og orkumarkað utan þess svæðis líkt og á Vestfjörðum. Mikilvægi málsins og framtíðarhagsmunir fyrir samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum eru hinsvegar mjög miklir og með þessari umsögn og viðaukum er farið yfir þá stöðu.

Í tillögu verkefnisstjórnar 3. áfanga Rammaáætlunar eru lagðir til tveir virkjanakostir á Vestfjörðum í orkunýtingarflokk þ.e. Hvalárvirkjun og Austugilsvirkjun og eru þeir tilgreindir sem slíkir í þingsályktuninni. Þessir virkjanakostir eru kjarninn í lausn fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum sem er að koma á miðlægum tengipunkti flutningskerfisins. Orkustofnun hefur á grundvelli þessa heimilað Landsneti að hefja undirbúning að uppbyggingu tengipunkts í innanverðu Ísafjarðardjúpi.

Vestfjarðastofa vekur athygli á að engir aðrir virkjanakostir eru nefndir á Vestfjörðum í biðflokki og eða verndarflokki. Verði virkjanakostum á Vestfjörðum hafnað eða breytt við afgreiðslu þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landssvæða, þá er hætta á að Orkustofnun dragi til baka heimild til Landsnets að vinna að tengipunkti í Ísafjarðardjúpi. Flutningsmál raforku á Vestfjörðum yrðu þá komin í uppnám.

Hafa ber hér í huga stöðu orkumála á Vestfjörðum einkennist af þrem atriðum.

- Vanbúið flutningskerfi raforku; Landshlutinn er tengdur einni flutningslínu (Vesturlínu) við meginflutningskerfi landsins (Hrútatunga – Mjólká) og er því “eyja” í orkukerfinu.
- Innan landshlutans er framleitt innan við 50% af þeirri orku sem núverandi samfélag og atvinnulíf þarf að hafa að meðaltali yfir árið (115 Gwh framleiðsla, 250 Gwh notkun). Raforkuþörf eykst síðan yfir vetrartímam þar sem meginhluti hitunar íbúaðar og atvinnuhúsnæðis er með raforku og er orkuframleiðslan að anna rétt um 35 % af orkuþörf. Öll önnur orka er því innflutt og byggt hefur verið upp varaafli (jarðefnaeldsneyti) sem mætir þörfum samfélaga og lágmarksþörf atvinnuulífs. Sem felur í sér að starfsemi aðila með samninga um afgangorku þurfa að leggja niður vinnslu s.s. kalkþörungum og á rækju.
- Raforkuspá á grundvelli tveggja sviðsmynda hefur verið unnin fyrir Vestfirði. Reynt er að spá um möguleg þróun samfélaga á Vestfjörðum út frá sviðsmyndum *Vestfirski þjóðgarðurinn* og *Vestfirðir í sókn* og reikna raforkuþörf á Vestfjörðum fram til ársins 2035. Til samanburðar er Raforkuspá Orkuspárnefndar, en í henni er spáð 0,8% aukningu á ári og raforkunotkun verði um 295 GWh árið 2035. Í sviðsmyndinni *Vestfirski*

*Þjóðgarðurinn* mun raforkunotkun dragast sama um 0,1% á ári og spáð að notkun verði 256 GWh. Í sviðsmyndinni *Vestfirðir í sókn* eykst raforkunotkun um 3,6% á ári og verður um 475 GWh árið 2035. Helstu þættir sem skýra þessar breytingar í sviðsmyndum eru fólksfjöldi, atvinnustarfsemi m.a. í kalkþörungavinnslu og fiskeldi, aukinn fiskafli og hagvöxtur.

Spár um raforkunotkun segja því að áframhald verður á orkuskorti innan Vestfjarða, hvort sem horft er á spá með lágsta eða hæsta gildi. Lausn á þessari stöðu er tvíþætt.

- Auka orkuframleiðslu innan landshlutans með nýjum virkjunum.
- Tvöfalda flutningslínu frá meginflutningskerfi landsins og styrkja flutningskerfi raforku innan landshlutans með hringtengingu.

Inn í þetta geta spilað orkusparandi aðgerðir auk annarrar orkuframleiðsla s.s. jarðhita og smávirkjanir. Þessar aðgerðir ná hinsvegar ekki að svara þeirri þörf sem er til staðar og óljós fjármögnun til að treysta á og umhverfismat hefur ekki farið fram.

Ítarlegri umfjöllun er í umsögn Vestfjarðastofu um Kerfisáætlun 2020-2029, sem fylgir með í viðauka.

### *Vestfirðir í forgang*

Alþingi hefur sett markmið í flutningsmálum raforku með samþykkt þingsályktunar nr 26/148, *um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku*, þar sem Vestfirðir skulu settir í forgang. Alþingi með samþykkt þingsályktun um byggðmál 24/148 lagt áherslu á jákvæða byggðapróun um allt land. Í Orkustefnu til ársins 2025 lögð var fram af iðnaðarráðherra á síðasta ári var sett að markmiði um jafnt aðgengi landsmanna að orku. Til að ná því markmiði *þarf enn fremur að byggja upp flutnings- og dreifikerfi raforku þannig að afhendingaröryggi og aflgeta sé tryggð svo mæta megi þörfum samfélagsins á hverjum tíma, óháð búsetu*

Afhendingaröryggi raforku er einnig öryggis og almannavarnarmál og vísast þar til skýrslu stjórnvalda frá í febrúar 2020, sem fjallar um afleiðingar og nauðsynlegar aðgerðir í innviðamálum í kjölfar óveðra í desember 2019 og janúar 2020.

Í framtíðarsýn Sóknaaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 segir;

Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa, heimsækja og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

Þessi framtíðarsýn og árangur af Sóknaaráætlun Vestfjarða mun ekki nást nema að innviðir séu samkeppnishæfir, sett hér í samhengi við þingsályktunina orkuframleiðsla og flutningur raforku.

### Lokaorð

Telja verður að stjórnvöld og Alþingi hafi lýst afdráttarlausunm vilja að vinna að úrlausn orkumála á Vestfjörðum og taki þar undir ákall 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Afgreiðsla þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landshluta verður að endurspegla þann vilja ella verður Alþingi komið í þversögn við eigin stefnu og stefnu stjórnvalda um málefni Vestfjarða.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir sig reiðbúin að ræða efni máls við umhverfis og samgöngunefnd, en áskilur sér jafnframt rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum þessa máls.

Önnur gögn.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga sendu inn ítarlega umsögn um Kerfisáætlun 2020-2029, þar sem farið er yfir forsögu orkuframleiðslu, spá um orkuþörf og um tillögur uppbyggingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum. Umsögnin fylgir hér í viðauka og er hluti af umsögn um þingsályktunina.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga fengu Eflu-verkfræðistofu til að gera sértæka raforkuspá fyrir Vestfirði á grundvelli sviðsmyndagreining um mögulega þróun atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum árið 2035. Skýrslan fylgir hér með í viðauka.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga, fengu Verkís til að gera úttekt á mögulegum smávirkjankostum á Vestfjörðum. Af þeim 68 kostum sem skoðaðir voru teljast 18 hagkvæmir, samanlagt með um 43 MW afl og 202 GWh og 15 mögulega hagkvæmir, samanlagt með um 17 MW afl og 82 GWh. Áhrif á umhverfi voru ekki metin m.a. áhrif á landslagsheildir og möguleikar á miðlunum og tengingum við flutnings- eða dreifikerfi er undanskilið í hagkvæmnimati. Skýrslan fylgir hér með í viðauka.

f.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri